

Fundargerð
Fundur réttarfarsnefndar 17. maí 2022.

Frásögn af fundi:

Þriðjudaginn 17. maí kl. 15:00 var haldinn fundur í réttarfarsnefnd í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins. Fundinn sóttu Ása Ólafsdóttir (ÁÓ) formaður, Aðalsteinn E. Jónasson (AEJ), Eiríkur Elís Þorláksson (EÉÞ), Gizur Bersteinsson (GB) og Kolbrún Benediksdóttir (KB). Þá sátu einnig fundinn Bryndís Helgadóttir (BH) skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu og Hákon Þorsteinsson (HÞ) lögfræðingur í ráðuneytinu sem jafnframt ritaði fundargerð.

AÓ setti fundinn.

Efni fundarins voru annars sem hér segir:

1. Farið yfir starfshætti nefndar og skipulag.

Farið var yfir að nefndin væri ráðherra til ráðgjafar um þau erindi sem ráðuneytið beindi til hennar og að nefndin myndi að jafnaði bregðast við þeim erindum með álitum eða umsögnum.

Þá var meðal annars einnig rætt að nefndarmenn myndu skipta með sér verkum eftir sérþekkingu eða á grunni þess sem heppilegast þætti hverju sinni. Miðað væri við að nefndin fundaði að jafnaði seinni partinn á þriðjudögum og að áætlað væri að fundað yrði á eins til tveggja mánaða fresti. Utan funda ættu nefndarmenn og ráðuneytið samskipti í gegnum tölvupóst og að jafnaði skyldu allir nefndarmenn og tengiliðir ráðuneytisins við nefndina vera með í þeim samskiptum. Nefndarmenn voru sammála þessari tilhögun.

2. Fyrirliggjandi mál og starfið fram undan.

AÓ kynnti að nefndin hefði fengið til meðferðar erindi Lögmannafélags Íslands um húsleitir á lögmannsstofum. Ráðuneytið hefði hins vegar tekið það erindi til baka til nánari skoðunar í ráðuneytinu en búast mætti við að erindið yrði sent réttarfarsnefnd á ný. Hjá nefndinni væri hins vegar erindi ráðuneytisins um endurskoðun á þeim hluta gjaldþrotaskiptalöggjafarinnar sem lyti að greiðslustöðvun og nauðasamningum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Þá var rætt um nauðsyn á endurskoðun á ákvæðum laga um Endurupptökudóm en nokkur reynsla væri nú komin á starfseminu og nauðsynlegt að fara yfir þau atriði sem bæta þyrfti úr. Mun ráðuneytið senda réttarfarsnefnd erindi þess efnis.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

HÞ.